



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík  
Sími 92-3100

Keflavík 7. nóvember 1986.

## 119. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í bóknáms-  
húsi F.S. við Sunnubraut þann 5. nóvember 1986.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson; formaður, Hjálmar Árnason;  
skólameistari, Ingólfur Halldórsson; aðstoðarskólameistari,  
Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Eggert Ólafsson,  
Guðjón Kristjánsson, Hilmar Þ. Hilmarsson, Helgi Eiríksson;  
fulltrúi kennara, og Helga Loftsdóttir, ritari.

Formaður bauð menn velkomna og setti fund kl. 19:45.

## 1. HÚSNÆÐISMÁL.

Formaður upplýsti að lítið hafi miðað áfram í húsnæðismálum  
F.S.

Sagði hann menntamálaráðherra og sveitarfélögin hafa lagt  
blessun sína yfir samninginn um viðbyggingu F.S., en samþykki  
fjármálaráðherra hefði ekki fengist enn.

Sagði formaður að samningurinn lægi nú til umsagnar hjá  
hagsýslustofnun. Jafnframt upplýsti hann að undirnefnd skóla-  
nefndar ættu bókaðan fund hjá fjárveitingarnefnd kl. 8:30,  
miðvikudaginn 12. nóvember.

Í framhaldi af þessu lagði formaður til, að ef ákveðið svar  
kæmi ekki fyrir 15. þessa mánaðar ætti að hafna tilboði verk-  
verktakans. En jafnframt nota tímann til að útvega fjármagn og  
bjóða síðan verkið út aftur í tvennu lagi og stefna að því að  
viðbyggingin verði tilbúin fyrir upphaf haustannar 1987.

Samþykkt samhljóða.

## 2. ÖNNUR MÁL.

A) Skólameistari greindi frá því að hann hefði setið fund  
með flugmálastjóra og kennurum flugliðabrautar.

Sagði skólameistari að flugmálastjóri ynni að því að koma  
upp svokallaðri "flugakademíu" sem fyrst.

Ákveðið hefði verið að taka ekki nemendur inn á flugliðabraut um næstu áramót, vegna þess að brautin þyrfti endurskoðunar við. Þá var ákveðið að leggja fram drög að endurskipulagningu brautarinnar fyrir 1. maí 1987.

Þá upplýsti skólameistari að það hefði verið eindregin ósk fundarmanna að óska eftir því að hafa flugliðabraut við F.S. þar til "flugakademían" væri stofnuð.

Samþykkti skólanefnd að taka ekki neina afstöðu til þessa máls fyrr en áður nefnd drög lögju fyrir.

B) a) Skólameistari upplýsti að ekkert væri að vanbúnaði til að hefja kennslu á sjúkraliðabraut um áramót.

Búið væri að fá jákvætt svar frá hjúkrunarfræðingi til að taka að sér deildarstjórn brautarinnar. En heimild þyrfti til að senda tvo fulltrúa til Fjölbrautaskólans á Sæuðárkróki til að reka endahnútinn á skipulag námsins. Samþykkt.

b) Varðandi fiskeldisbrautina lagði skólameistari fram til kynningar bréf frá menntamálaráðuneytinu. Þar segir að afstaða verði tekin um fiskeldisbraut í F.S. á fyrri hluta árs 1987.

C) a) Fargjaldamál nemenda komu til umræðu. Eftir nokkrar umræður samþykkti skólanefnd að taka undir samþykkt S.S.S. frá 23. október 1986, þar sem lagst er gegn því að nemendur verði látnir greiða fargjald á skólaakstri.

b) Skólaakstur nemenda F.S. innan Keflavíkur kom einnig til umræðu. Var aðstoðarskólameistara falið að kanna möguleika á að nemendur F.S. fengju afnot af skólabílum S.B.K. fram að áramótum.

Að öðru leyti var samþykkt að koma á föstum akstri fyrir nemendur F.S. innan Keflavíkur um næstu áramót.

D) Upplýsti formaður að samþykkt hefði verið á stjórnarfundum S.S.S. þann 23. október 1986, að senda bæri fjárlagagerðir beint til S.S.S. en ekki til einstakra sveitarfélaga.

Lagði hann til að undirnefnd skólanefndar gengi frá fjárhags-

áætlun ásamt fjármálafulltrúa skólans sem fyrst. Tillögur verði síðan lagðar fyrir skólanefnd og sent S.S.S.

Samþykkt samhljóða.

### 3. FUNDUR MEÐ ÞINGMÖNNUM REYKJANESUMDÆMIS.

Formaður og skólameistari höfðu sent fundarboð til allra þingmanna kjördæmisins sem og forsætisráðherra. Kynntar voru hinar ólíkustu afsakanir flestra þeirra á fjarveru sinni. Þessir gestir komu þó: Alþingismennirnir Geir Gunnarsson og Karl Steinar Guðnason. Þá kom Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, samkvæmt ósk fundarboðenda.

Bauð formaður gesti velkomna og sagði tvennt vera til umræðu varðandi neyðarástand við F.S. Annars vegar húsnæðisvandi skólans og hins vegar athugasemdir um almenn fjármál skólans.


Röktu síðan formaður og skólameistari í grófum dráttum húsnæðis- og fjármálavanda F.S. og það neyðarástand sem hefur skapast um þau mál.

Þó nokkrar umræður urðu um málin og ákváðu þingmennirnir í lok þeirra að koma á fundi með þingmönnum kjördæmisins og einnig að tala við fjármálaráðherra um mál þetta.

Fleira ekki gert.

Þakkaði formaður mönnum fundarsetu og þingmönnum komuna og umræðurnar.

Fundi slitið kl. 10:45.



Guðmundur Björnsson,  
formaður skólanefndar.



Helga Loftsdóttir,  
ritari.